

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

100930-MIN-002-V01

DAGS.

10.08.2022

SENDANDI

Guðmundur Magni Bjarnason

VERKHEITI

Snjóflóðavarnargarðar á Seyðisfirði

VERKKAUPI

Múlaþing

DREIFING

Kristján Rafn Harðarson, Sigurður Hlökkversson (Framkvæmdasýsla Ríkisins)
Hugrún Hjálmársdóttir, Sigurður Jónsson (Múlaþing)

MÁLEFNI

Rýmkun efnistöku úr Skaganámu

Massajafnvægi

Komið hefur í ljós að áætlanir í hönnunargögnum verksins um klapparlosun standast ekki. Í verkögnum er talað um að heildarklapparlosun sé áætluð 163.000 m³. Meginlosunarstaður klappar átti að vera í flóðrás Bakkagarðar en komið hefur í ljós að sú klöpp liggur á talsvert meira dýpi en áætlað er og þarf til miklar forfæringar á efni til að nálgast þá klöpp, áætlað var að taka 140.000 m³ af klöpp þar. Einnig er komið í ljós að þeir 10.000m³ af klöpp sem vera áttu í flóðrás Öldugarðs eru ekki til staðar né þeir 3.000 m³ sem vera áttu undir Fjarðargarði. Áætluð efnistaka úr Skaganámu er 10.000 m³. Jafnframt liggur það fyrir að losuð klöpp sem nota þarf til að verksins skv hönnun er vanmetin og liggur sú skekkja í tugþúsundum rúmmetra.

Skaganáma

Í breytingum á aðalskipulagi sem samþykktar voru í september 2021 var Skaganámu bætt inn á nýtanleg efnistökusvæði á Seyðisfirði og áætluð efnistaka í henni metin til framtíðar 30.000 m³ og stærð efnistökusvæðis áætlað allt að 2 ha.

Verktaki hefur nú þegar unnið 15.000 m³ (5.000 m³ umfram áætlun í verki) úr námunni. Ljóst er að rýmka þarf verulega heimild til efnistöku úr námunni og það sem allra fyrst. Sveitarfélög hafa heimild til að nýta úr opnum námum allt að 50.000m³ og raska svæði sem nemur 5 ha án tilkynningar til Skipulagsstofnunar svo lengi sem það uppfylli aðalskipulag. Öll nýting umfram 50.000 m³ og að 500.000 m³ er hinsvegar tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar og yfir 500.000 m³ er skylt að framkvæma umhverfismat.

Í Aðalskipulags breytingunni frá í september 2021 segir.

„3.2 Skaganáma

Staðsetja þarf efnistökusvæði í tengslum við uppbyggingu varnargarðanna. Efni verður nýtt í vinnuvegi og annað tilfallandi í tengslum við framkvæmdina. Skaganáma er gömul og ófrágengið efnistökusvæði í Skagakrús en er ekki skilgreind í gildandi aðalskipulagi.

Náman hefur það umfram aðra námur á svæðinu að hún er stutt frá framkvæmdarsvæði og því þarf ekki að keyra efni um langa vegalengd.

3.2.1 Breyting í greinargerð

Eftirfarandi texta er bætt inn í kafla 8. Efnistaka:

E11 Skaganáma. Gömul náma sem hugsuð er til efnistöku í tengslum við uppbyggingu á varnar-mannvirkjum í Bjólfshlíðum. **Áætluð efnistaka er allt að 30.000 m³. Stærð efnistökusvæðis er allt að 2 ha.** Raska skal sem minnst af landi og við frágang skal aðlaga svæðið að nærliggjandi umhverfi.

3.2.2 Breyting á upprætti

Efnistökusvæðið Skaganáma (E11) er sett inn á þéttbýlisupprátt.“

Á vettvangi verkefnisins (EFLA, FSRE, Múlaþing) hefur þegar verið rætt um að auka heimildina í 120.000 m³ í Skaganámu.

Eins og áður sagði hefur Múlaþing heimild til að nýta 50.000 m³ úr námunni en þarf hinsvegar að breyta aðalskipulagi og tilgreina að hvaða mörkum þeir ætla sér að fara.

Til þess að fá að nýta 120.000 m³ úr námunni þarf að tilkynna það til Skipulagsstofnunar eftir fyrirskrifuðum leiðum og breyta aðalskipulagi.

Undirritaður leggur því til að, ef það er hægt, að sækja um undanþágu til Skipulagsstofnunar um að fá að nýta 50.000 m³ á meðan unnið er að tilkynningu og aðalskipulagsbreytingu vegna 120.000 m³ stækkunarinnar. Svo ekki þurfi að breyta aðalskipulagi tvisvar. Hvorutveggja þarf að fá eins hraða meðferð og hægt er þar sem hikst í þessu máli gæti hreinlega stöðvað verkið.

Það má bæta því við að m.v hvað kletturinn sem sprengja á er hár þá er líklegt að það svæði sem nú þegar er búið að raska í Skaganámu verði ekki mikið stærra en það er nú þegar ef nýta á úr námunni 120.000 m³. Tekið skal fram að verktaka er skylt að ganga frá námu í verklok, skv. verkögnum.

Þetta svæði er innan rauða hringsins á mynd 1 hér að neðan.

